

AUGLÝSING

um náttúruminjaskrá.

Náttúruverndarráð hefur gengið frá nýrri náttúruminjaskrá, sbr. 28. gr. laga nr. 47/1971, svohljóðandi:

A. Friðlýstir staðir.

Eftirtaldir staðir eru friðlýstir samkvæmt lögum um náttúruvernd. Stærðartölur eru áætlaðar.

1. **Bláfjöll**, Grindavík, Kópavogi, Reykjavík, Selvogshr., Árn. Auk þess er Seltjarnarnes aðili að fólkvanginum. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 97/1973. Stærð 8 400 ha.
2. **Eldborg í Bláfjöllum**, Reykjavík. Fyrst friðlýst 1971. Lýst náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 121/1974. Stærð 50 ha.
3. **Rauðhólar**, Reykjavík. Svæðið friðlýst sem náttúruvætti 1961. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 185/1974. Stærð 45 ha.
4. **Reykjanesfólkvangur**, Hafnarfirði, Garðabæ, Grindavík, Kópavogi. Auk þess eru Reykjavík, Seltjarnarnes, Keflavík, Njarðvík og Selvogshreppur aðilar að fólkvanginum. Friðlýstur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975. Stærð 30 000 ha.
5. **Eldey**, Gull. Friðlýst með lögum 1940. Lýst friðland 1960. Friðlýsing endurskoðuð sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 119/1974. Stærð 2 ha.
6. **Ástjörn**, Hafnarfirði. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 189/1978. Stærð 25 ha.
7. **Hamarinn**, Hafnarfirði. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 188/1984. Stærð 2 ha.
8. **Tröllabörn í Lækjarbotnum**, Kópavogi. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 294/1983. Stærð 5 ha.
9. **Víghólar**, Kópavogi. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 778/1983. Stærð 1 ha.
10. **Borgir**, Kópavogi. Friðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 29/1981. Stærð 3 ha.
11. **Gróttá**, Seltjarnarnesi. Lýst friðland 1974. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 13/1984. Stærð 5 ha.
12. **Laugarás**, Reykjavík. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 41/1982. Stærð 1 ha.
13. **Háubakkar við Elliðaárvog**, Reykjavík. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 347/1983. Stærð 2 ha.
14. **Varmárósar**, Mosfellshr., Kjós. Lýstir friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 453/1980. Stærð 10 ha.
15. **Steðji (Staupasteinn) á Skeiðhól**, Kjósarhr., Kjós. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 218/1974. Stærð 7 ha.
16. **Húsafellsskógur**, Hálsahr., Borg. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 217/1974. Stærð 440 ha.
17. **Grábrókargígar**, Norðurárdalshr., Mýr. Friðlýstir sem náttúruvætti 1962. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 216/1975. Stærð 34 ha.
18. **Eldborg í Hnappadal**, Kolbeinsstaðahr., Hnapp. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 309/1974. Stærð 150 ha.
19. **Búðahraun**, Staðarsv., Breiðuvíkurrh., Snæf. Lýst friðland 1977. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 216/1979. Stærð 915 ha.

20. **Ströndin við Stapa og Hellna**, Breiðuvíkurrh., Snæf. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 355/1979. Stærð 75 ha.
21. **Bárðarlaug**, Breiðuvíkurrh., Snæf. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 445/1980. Stærð 50 ha.
22. **Melrakkæy**, Eyrarsveit, Snæf. Lýst friðland 1971. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 118/1974. Stærð 9 ha.
23. **Hrisey í Barðastrandarsýslu**, Reykhólahr., A-Barð. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 425/1977. Stærð 40 ha.
24. **Flatey**, Flateyjarhr., A-Barð. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 395/1975. Stærð 100 ha.
25. **Vatnsfjörður**, Barðastrandarhr. V-Barð. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 96/1975. Stærð 20 000 ha.
26. **Surtarbrandsgil**, Barðastrandarhr., V-Barð. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 103/1975. Stærð 150 ha.
27. **Fjallfoss**, Auðkúluhr., V-Ís. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 245/1981. Stærð 700 ha.
28. **Hornstrandir**, N-Ís. Lýstar friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 366/1975. Stærð 58 000 ha.
29. **Kattarauga**, Áshr., A-Hún. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 522/1975. Stærð 1 ha.
30. **Hrútey í Blöndu**, Blönduóshr., A-Hún. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 521/1975. Stærð 10 ha.
31. **Spákonufellshöfði**, Höfðahr., A-Hún. Friðlýstur sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 444/1980. Stærð 30 ha.
32. **Hveravellir á Kili**, Friðlýstir sem náttúruvætti 1960. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 217/1975. Stærð 170 ha.
33. **Miklavatn**, Skarðshr., Staðarhr., Skag. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 29/1977. Stærð 1 550 ha.
34. **Friðland í Svarfaðardal**, Svarfaðardalshr., Eyf., Dalvík. Lýst friðland 1972. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 443/1980. Stærð 540 ha.
35. **Vestmannsvatn**, Aðaldælahr., Reykdælahr., S-Ping. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 30/1977. Stærð 600 ha.
36. **Mývatn og Laxá**, S-Ping. Svæðið er verndað með sérstökum lögum, sbr. Stjórnartíðindi A, nr. 36/1974. Stærð 440 000 ha.
37. **Skútustaðagigar**, Skútustaðahr., S-Ping. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 399/1973. Stærð 28 ha.
38. **Herðubreiðarfriðland**, S-Ping. Friðlýst með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 272/1974. Stærð 17 000 ha.
39. **Askja í Dyngjufjöllum**, S-Ping. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 194/1978. Stærð 5 000 ha.
40. **Jökulsárgljúfur**, Kelduneshr., N-Ping. Þjóðgarður stofnaður með reglugerð sbr. Stjórnartíðindi B, nr. 216/1973. Stærð 15 100 ha.
41. **Álfaborg**, Borgarfjarðarhr., N-Múl. Stofnaður fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 71/1976. Stærð 10 ha.
42. **Hvannalindir í Krepputungu**, N-Múl. Lýstar friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 32/1973. Stærð 4 300 ha.
43. **Kringilsárrani**, N-Múl. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 524/1975. Stærð 8 500 ha.

44. **Fólkvangur Neskaupstaðar**, Neskaupstað. Friðlýstur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 333/1972. Stærð 300 ha.
45. **Helgustaðanáma**, Helgustaðahr., S-Múl. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 525/1975. Stærð 1 ha.
46. **Hólmanes**, Eskifjarðarhr., Reyðarfjarðarhr., S-Múl. Friðlýst sem fólkvangur og að hluta friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 393/1973. Stærð 260 ha.
47. **Teigarhorn** Búlandshr., S-Múl. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 518/1975. Stærð 120 ha.
48. **Díma í Lóni**, Bæjarhr., A-Skaft. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 523/1975. Stærð 8 ha.
49. **Lónsöræfi**, Bæjarhr., A-Skaft. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 31/1977. Stærð 32 000 ha.
50. **Ósland**, Hafnarhr., A-Skaft. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 427/1982. Stærð 15 ha.
51. **Esjufljöll** í Breiðamerkurjökli. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 188/1978. Stærð 27 000 ha.
52. **Salthöfði**, Hofshr., A-Skaft. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 249/1977. Stærð 220 ha.
53. **Ingólfshöfði**, Hofshr., A-Skaft. Lýstur friðland 1974. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 388/1978. Stærð 90 ha.
54. **Háalda**, Hofshr., A-Skaft. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 519/1975. Stærð 5 ha.
55. **Skaftafell**, Hofshr., A-Skaft. Stofnaður þjóðgarður 1968. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 319/1984. Stærð 160 000 ha.
56. **Álftaversgígur**, Álftavershr., V-Skaft. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 105/1975. Stærð 3 650 ha.
57. **Dyrhólaey**, Mýrdalshr., V-Skaft. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 101/1978. Stærð 510 ha.
58. **Lakagígur**, V-Skaft. Friðlýstir sem náttúruvættir 1971. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 215/1975. Stærð 16 000 ha.
59. **Friðland að Fjallabaki**, Rang. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 354/1979. Stærð 47 000 ha.
60. **Þjórsárver**, Árn., Rang. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 753/1981. Stærð 37 500 ha.
61. **Surtsey**, Vestmannaeyjum. Lýst friðland 1965. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 122/1974. Stærð 270 ha.
62. **Gullfoss**, Biskupstungnahr., Hrunamannahr., Árn. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 141/1979. Stærð 160 ha.

B. Náttúruminjar.

Hinni eiginlegu náttúruminjaskrá er skipt í tvo hluta. Í 1. hluta skrárinnar eru svæði sem stefnt er að því að friðlýsa svo fljótt sem unnt er og geta legið til þess ýmsar ástæður, svo sem sérlega mikil eða vel þekkt náttúruverðmæti, sérstakur vilji heimamanna o. fl. Einnig getur verið um að ræða verðmæt svæði sem eru í sérstakri hættu vegna umsvifa mannsins. Undirbúningur að friðlýsingu einstakra svæða er í nokkrum tilvikum langt á veg kominn. Í 1. hluta skrárinnar eru nú 36 svæði.

Undirbúningur að friðlýsingu svæða er oftast mikið verk og vandasamt. Því er ljóst að ekki verður unnt að friðlýsa nema hluta þeirra svæða, sem eru á náttúruminjaskrá á næstu árum. Í 2. hluta skrárinnar eru svæði, sem Náttúruverndarráð telur ekki ástæðu til eða hefur

ekki tók á að friðlýsa með jafn skjótum hætti og þau svæði sem talin eru í 1. hluta. Oft skortir frekari upplýsingar um þau svæði sem eru í 2. hluta skrárinnar, önnur svæði þar mega teljast sjálfriðuð, a. m. k. um sinn. Þá eru í 2. hluta svæði sem ekki búa yfir jafn miklum verðmætum að því er séð verður og svæði 1. hluta, en þetta kann að breytast með aukinni þekkingu. Rétt er að hafa í huga, að brýnt getur reynst að friðlýsa einhver þau svæði sem talin eru í 2. hluta áður en öll svæði 1. hluta hafa verið friðuð vegna breyttra aðstæðna. Í 2. hluta náttúruminjaskrárinnar eru nú 231 svæði og staðir.

Á skrá þessa eru færðar upplýsingar um víðátta og náttúruverndargildi hvers svæðis um sig:

- 1) **Víðátta.** Hér eru mörk svæðis skilgreind eins og kostur er. Strandsvæði, eyjar, vatns- og árbakkar á skránni eru skilgreind á eftirfarandi hátt þar sem annað er ekki tekið fram: *Fjörur* eru þau svæði sem afmarkast annars vegar af efstu stórstraumsflóðamörkum og hins vegar af stórstraumsfjörumörkum. Með *grunnsævi* er hér átt við 250 m breitt svæði út frá neðri fjörumörkum. Með *strandlengju* er átt við 100 m breitt belti ofan við fjöru og/eða sjávarhamra. *Fuglabjörg* ná yfir björgin sjálf, fjöru og grunnsævi framan þeirra auk 100 m breiðrar landspildu ofan við bjargbrún. Ennfremur fellur hér undir 2 km breitt sjávarbelti, þar sem stefnt skal að banni við skotveiðum. Með einstökum *eyjum* er átt við landið, fjöruna og grunnsævið umhverfis eyna. Með *vötnum, tjörnum og ám* er átt við vatnið sjálft, eða farveg þess ásamt 100 m breiðu belti ofan eðlilegra flóðmarka og/eða gljúfrabruna.
- 2) **Náttúruverndargildi.** Hér er t. d. getið um sérkenni og sérstöðu svæðisins og gildi þess almennt og fræðilega séð.

Fyrsti hluti

Fyrsti hluti náttúruminjaskrár er eins konar forgangsskrá yfir svæði sem stefnt er að því að friða svo fljótt sem unnt er.

- 1.1. **Eldborgir undir Geitahlíð**, Grindavík. (1) Stóra- og Litla-Eldborg ásamt hrauntröðum og hrauni Stóru-Eldborgar norðan vegar. (2) Sérstæðar eldstöðvar frá nútíma. Stóra-Eldborg er af dæmigerðri eldborgargerð og á hún fáa sína líka.
- 1.2. **Straumsvík**, Hafnarfirði. (1) Fjörur, stendur svo og tjarnir með fersku og ísöltu vatni við innanverða Straumsvík, frá Urtartjörn vestan Straums suður fyrir Þorbjarnarstaði að athafnasvæði Ísal. (2) Tjarnir með einstæðum lífsskilyrðum, allmikið fuglalíf.
- 1.3. **Hvaleyrarlón og umhverfi**, Hafnarfirði, (1) Hvaleyrarlón og fjörur umhverfis Hvaleyrarhöfða að Þvottaklettum í Hraunavík. (2) Lífaudugar leirur og malarfjörur. Mjög þýðingarmikill áningarstaður farfugla, einkum vaðfugla. Fjölsótt útivistarsvæði.
- 1.4. **Fossvogsbakkar**, Reykjavík (1) Strandlengja í innanverðum Fossvogi frá botni hans að Nauthólsvík. (2) Setlög með skeljum frá síðasta hlýskeiði ísaldar.
- 1.5. **Ellíðaárdalur**, Reykjavík, Kópavogi. (1) Vatnasvið Ellíðaár í Ellíðaárdal, frá upptökum í Ellíðavatni allt til ósa. (2) Fjölbreytt náttúrufar, kjörið útivistarsvæði í þéttbýli.
- 1.6. **Myllulækjartjörn í Heiðmörk**, Reykjavík. (1) Myllulækjartjörn, Myllulækur og mýrin norðan og austan tjarnarinnar. (2) Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf. Svæðið er innan Heiðmerkur, sem er umsjónarsvæði Skógræktarfélags Reykjavíkur.
- 1.7. **Úlfarsá og Blikastaðakró**, Reykjavík, Mosfellsshr., Kjós. (1) Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna, ennfremur Blikastaðakró og fjaran sunnan hennar að Geldinganesi ásamt um 50 m breiðu belti ofan fjöru. (2) Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir vallendisbakkar, fjölbreyttar og lífaudugar fjörur.

- 1.8. **Deildartunguhver ásamt hverahól**, Reykholtisdalshr., Borg. (1) Hverinn ásamt hverahólnum. (2) Deildartunguhver er vatns mesti hver landsins. Einstætt gróðurfar.
- 1.9. **Vellir (Árhver)**, Reykholtisdalshr., Borg. (1) Hverinn og nánasta umhverfi. Er á jarðamörkum Sturlureykja og Kjalvararstaða. (2) Goshver í miðri Reykjadalásá. Einn af fáum ósködduðum hverum í Borgarfirði.
- 1.10. **Barnafoss — Hraunfossar**, Hálsahr., Borg. Hvítársíðuhr., Mýr. (1) Fossarnir og nánasta nágrenni þeirra í löndum Gilsbakka og Hraunsáss. (2) Hraunfossar spretta fram úr Hallmundarhrauni á norðurbakka Hvítár á alllögum kafla neðan við Barnafoss. Mjög sérkennilegir og fagrir fossar.
- 1.11. **Tjarnir við Ytri-Garða**, Staðarsveit, Snæf. (1) Hofgarðatjörn og tjörnir Kúka ásamt votlendi umhverfis þær. (2) Gróðurmiklar tjarnir og votlendi, þar sem finnst sjaldgæfar plöntutegundir. Auðugt dýralíf.
- 1.12. **Látrabjarg og Keflavíkurbjarg**, Rauðasandshr., V-Barð. (1) Fuglabjörgin frá Bjargtöngum allt austur að Brimnesi. (2) Stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf.
- 1.13. **Seljalandsdalur og Tungudalur**, Skutulsfirði, N-Ís. (1) Dalirnir frá eggjum Eyrarfjalls, að hreppamörkum á Botnsheiði, um Austmannafall og Hnífa yfir Tunguá við Tunguskóg og þaðan á Skiðaveg. (2) Fjölbreytt landslag, skógur, gil, ár og fossar. Ákjósanlegt útivistarsvæði.
- 1.14. **Húsavíkurkleif**, Kirkjubólshr., Strand. (1) Opna í millilag í blágrýtismyndun rétt við þjóðveginn nærri bænum Húsavík. (2) Fundarstaður plöntusteingervinga frá tertíer. Afsteypur og för eftir trjáboli.
- 1.15. **Orravatsrústir á Hofsafrétt**, Skag. (1) Votlendi umhverfis Orravatn allt norður að Reyðarvatni. (2) Einstakt rústasvæði, flár og tjarnir.
- 1.16. **Fossar í Bólugili**, Akrahr., Skag. (1) Bólugil, fossaröð í Bóluá við bæinn Bólu. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar í tilkomumiklu gljúfri nærri alfaraleið.
- 1.17. **Hólmarnir**, Akureyri, Öngulsstaðahr., Eyf. (1) Óshólmar Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðar-eyjar. (2) Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.
- 1.18. **Glerárgil**, Akureyri, Glæsibæjarhr., Eyf. (1) Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli upp á móts við Hlífar á Glerárdal. (2) Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar.
- 1.19. **Tjörneslögin**, Tjörneshr., S-Þing. (1) Strandlengja og sjávarbakkar á vestanverðu Tjörnesi frá Köldukvísl norður og austur fyrir Breiðuvík. (2) Í sjávarbökkum koma fram þykk setlög frá tertíer og ísöld með skeljum og surtarbrandi.
- 1.20. **Jökulsárgljúfur austan ár**, Óxafjarðarhr., N.-Þing. (1) Svæðið austan Jökulsár frá Selfossi í suðri og norður að brú við Ferjubakka. Norðurmörk fylgja síðan þjóðvegi að Vaðkotsá og með henni suður á móts við Bjarnastaði. Þaðan sveigja mörk vestur fyrir ræktað land og upp með Landsá og til suðurs um Sjónþúfu, Reyði og Ytra-Norðmelsfjall og þaðan stystu leið í Jökulsá sunnan Selfoss. (2) Fjölbreytt landslag og ríkulegur gróður. Æskilegt að þetta svæði verði sameinað þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.
- 1.21. **Röndin við Kópasker**, Presthólahr., N.-Þing. (1) Sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartarstaðalæk. (2) Jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum, jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins.
- 1.22. **Votlendi í Hjaltastaðapinghá**, Hjaltastaðahr., N.-Múl. (1) Votlendissvæði milli Lagarfljóts og Selfjóts, frá Héraðsflóa suður undir Hjaltastað, auk Sandbrekkuness og mýrlendis vestan og norðan Kýrhöfða. Að vestan liggja mörk frá Bóndastöðum

- um Torfatjörn og austan ræktaðs lands við Hrolllaugsstaði, Ásgrímsstaði, Móberg og Sand og þaðan í Lagarfljót. (2) Víðáttumiklir flóar með kílum og tjörnum, mikið til óframræst. Sendin gulstararengi. Svæðið er mikilvægt vegna gróðurfars og fuglalífs.
- 1.23. **Hafrahvammagljúfur**, Jökuldalshr., N.-Múl. (1) Gljúfur Jökulsár á Brú við Hafrahvamma frá Dysjará (Desjará) að Tröllagili og gljúfur Dysjarár upp fyrir foss. (2) Eitt hrikalegasta gljúfur landsins og gróðursælir hvammar meðfram því.
- 1.24. **Stóralda**, Hofshr., A.-Skaft. (1) Aldan sjálf, svo og um 50 m belti umhverfis. (2) Forn, algróin jökulalda framan við Svínafellsjökul.
- 1.25. **Nýidalur (Jökuldalur) við Tungnafellsjökul**. (1) Nýidalur, frá botni og út fyrir Þvermóð. Að öðru leyti ráða vatnaskil til Jökuldalsár. (2) Einn gróskumesti dalur hálendisins.
- 1.26. **Dverghamrar**, Hörgslandshr., V.-Skaft. (1) Hamrarnir og nágrenni þeirra í landi Foss. (2) Mjög sérkennilegir stuðlabergshamrar, fornt brimklif.
- 1.27. **Kirkjugólfið við Kirkjubæjarklaustur**, Kirkjubæjarhr., V.-Skaft. (1) Kirkjugólfið og næsta nágrenni þess. (2) Sérkennilegur sléttur stuðlabergsfláki í túni.
- 1.28. **Eldgjá**, V.-Skaft. (1) Eldgjá á Skaftártunguafrétti milli Gjátinds og Svartahnúksfjalla. (2) Hluti af um 40 km langri gossprungu, sem vitnar um stórkostleg eldsumbrot á nútíma. Hrikafagurt og fjölbreytilegt landslag.
- 1.29. **Skógafoss**, A.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Skógafoss ásamt skógá með fossum upp að Þvergili. Er í landi Skóga. (2) Tignarlegur og fagur foss, um 60 m hár, margir smærri fossar.
- 1.30. **Drangurinn í Drangshlíð**, A.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Drangurinn og nánasta umhverfi, í landi Drangshlíðar undir Eyjafjöllum, (2) Sérkennilegur móbergsdrangur, áberandi einkenni í landslagi.
- 1.31. **Helgafell og Eldfell**, Vestmannaeyjum. (1) Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans. Norðurmörk liggja frá Prestavík með suðurjaðri athafnasvæðis hitaveitunnar vestur fyrir fellin og til sjávar við Skarfatanga. (2) Stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun lands.
- 1.32. **Oddaflóð**, Rangárvallahr., Rang. (1) Oddaflóð norður að Selalæk og Hólmaflóð austur undir bæinn Odda, ásamt Bökkum og Oddeyrum í Þverá. (2) Votlendi með einstæðu gróðurfari, mikið og sérstætt fuglalíf.
- 1.33. **Fjörur við Stokkseyri**, Stokkseyrarhr., Eyrarbakkaahr., Árn. (1) Fjörur og grunnsævi frá Eyrarbakka austur að Baugsstaðasíki, ásamt landspildu milli fjöru og vegar, frá Gamla-Hrauni austur að ósi Skerflóðs. (2) Fjölskrúðug fjara, fitjar og mýrlendi, sérstætt lífríki.
- 1.34. **Ölfusforir**, Ölfushreppi Árn. (1) Ölfusforir, austan flotgröfuskurðar og vestan Ölfusár og Gljúfurár (Sandár), suður að Hrauni og norður að Vatnatjörn og Opnum. (2) Víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi.
- 1.35. **Hengillssvæðið**, Ölfushr., Grafningshr., Árn. (1) Vatnasvið Grændals, Reykjadal og Hengladala ásamt Marardal og Engidal norðan Húsmúla. Að sunnan liggja mörk um Skarðsmýrarfjall, Orustuhól og Hengladalsá að Varmá. (2) Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð, jarðhiti.
- 1.36. **Herdísarvík og Stakkavík**, Selvogshr., Árn. (1) Jarðirnar Herdísarvík og Stakkavík. (2) Á svæðinu er að finna öll helstu lífsamfélög Reykjanesskaga.

Annar hluti

Í þessum hluta skrárinnar eru svæði, þar sem undirbúningsvinna friðlýsingar er af ýmsum ástæðum skemmra á veg komin en svæðanna á fyrsta hluta.

- 2.1. **Sprengigígasvæði við Krísuvík**, Hafnarfirði. (1) Grænavatn og Gestsstaðavatn ásamt Augum og öðrum sprengigígum. Hverir í nágrenni gíganna, Engjahver og Nýihver, ásamt hverasvæði við Seltún. (2) Merkilegt sprengigígasvæði, gróskumikill vatna-gróður í Augum.
- 2.2. **Gígasvæði vestan í Vesturhálsi**, Vatnsleysustrandarhr., Gull., Grindavík. (1) Um 1 km breitt gígasvæði á vestanverðum hálsinum, liggur frá Höskuldarvöllum suður á milli Oddafells og Trölladyngja til Selsvalla. (2) Mikið gígasvæði, a. m. k. 4 gígaraðir og stórir, fallegir gjallgígar klæddir mosakápu, þ. á m. Melhóll. Norðan við Selsvelli er Hverinn eini. Við Sogalækinn eru merkilegar selsrústir.
- 2.3. **Drykkjarsteinn**, Grindavík. (1) Stakur hraunklettur í skarðinu milli Slögu og Langahryggs ofan Ísólfskála. (2) Tengdur fornum sögnum um ferðir vermannanna til Grindavíkur.
- 2.4. **Hraunsvík og Festarfjall**, Grindavík. (1) Fjaran í Hraunsvík frá Hrólfsvík að Lambastapa, ásamt kríuvarpi austan Hraunsvíkur. Suðurhluti Festarfjalls. (2) Snotrir sjávarhamrar og brimrofin eldstöð, Festarfjall. Fjölbreytt sjávarlíf. Fjölsóttur náttúruskoðunarstaður.
- 2.5. **Strandsvæði vestan Grindavíkur**, Grindavík. (1) Strandlengjan frá Litlubót vestur að Vörðunesi. (2) Fjölbreyttur strandgróður, fjölskrúðugt fuglalíf. Djúpar vatnsfylltar gjár, snotur hraunkantur með sjávertjörnum.
- 2.6. **Reykjanestá og umhverfi**, Grindavík, Hafnarhr., Gull. (1) Norður- og austurmörk svæðisins liggja frá Lendingarmel norðan Stóru-Sandvíkur, með norðurjaðri Stampahrauns yngra, um Sýrfell og til sjávar í Mölvík. Sjávarströnd afmarkar svæðið að sunnan og vestan. (2) Sjávarhamrar, sérstæð volg sjávertjörn, allmikið hverasvæði og snotrar gígaraðir, Stampar. Vinsælt útivistarsvæði.
- 2.7. **Hafnaberg**, Hafnahr., Gull. (1) Fuglabjarg frá Lendingarmel að sunnan að eyðibýlinu Eyrarbæ að norðan. (2) Lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Einn aðgengilegasti staðurinn á Suðurlandi til skoðunar og rannsókna á bjargfugli.
- 2.8. **Ósar**, Hafnahr., Miðneshr., Gull. (1) Vogurinn með strandlengju, fjörum og grunnsævi austan línu sem dregin er á milli Hafna og Þórshafnar. (2) Mikið og sérstætt botndýralíf, fjölbreyttar fjörur, Vetrarstöðvar ýmissa fuglategunda.
- 2.9. **Fjörur á Garðskaga**, Miðneshr., Gull. (1) Fjörur og sjávarfitjar frá Hvalnesi að Útskálum. (2) Fjölbreyttur strandgróður og ýmsar fjörugerðir. Lífaudugar sjávar-tjarnir og mikið fuglalíf.
- 2.10. **Látrar við Hvassahraun**, Vatnsleysustrandarhr., Gull. (1) Fjaran og strandlengjan frá Fögruvík að Stekkjarnesi suður að þjóðvegi ásamt ísöltum tjörnum og Hvassahraunsköttlum sunnan vegar. (2) Sérstætt umhverfi með miklu og óvenju fjölskrúðugu fjörlífi og gróðri. Sjávertjarnir með mismikilli seltu. Katlarnir eru reglulegar hraunkúpur, e. k. gervigígar, á sléttri klöpp í Hvassahrauni. Útivistarsvæði með mikið rannsókna- og fræðslugildi í nánd við þéttbýli.
- 2.11. **Búrfell og Búrfellsgjá**, Garðabæ. (1) Búrfell og hrauntröðin, Búrfellsgjá og Selgjá, ásamt um 200 m breiðri spildu beggja vegna gjárinnar. (2) Eldstöð frá nútíma, ein sérstæðasta hrauntröð landsins.
- 2.12. **Vífilsstaðavatn og Hraunsholtslækur**, Hafnarfirði, Garðabæ. (1) Vífilsstaðavatn ásamt 200 m spildu umhverfis vatnið. Hraunsholtslækur frá upptökum til ósa í Arnarnesvogi auk 200 m breiðrar spildu af Búrfellshrauni meðfram læknum að sunnan. (2) Lítt raskað vatn með góðri veiði, snotur lækur milli hrauns og hlíðar. Vinsælt útivistarsvæði.

- 2.13. **Urriðakotsvatn**, Garðabæ. (1) Urriðakotsvatn allt. (2) Hraunjaðar, mýrlendi, gróðurmikið vatn. Auðugt lífríki við þéttbýli.
- 2.14. **Bessastaðanes og fjörur á Álftanesi**, Bessastaðahr., Gull., Garðabæ, Hafnarfirði. (1) Fjaran frá Bala í Hafnarfirði að Kársnesi í Kópavogi. Bessastaðanes allt og Lambhúsatjörn, Bessastaðatjörn, Skógtjörn og Kasthúsatjörn. (2) Fjölbreyttar tjarnir, fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki. Vinsælt útivistarsvæði.
- 2.15. **Öskjuhlíð**, Reykjavík. (1) Öskjuhlíð milli Hafnarfjarðarvegar, Hlíðarfótar og Öskjuhlíðarskóla. (2) Vinsæll og fjölsóttur útsýnisstaður og útivistarsvæði. Minjar um hæstu sjávarstöðu frá ísaldarlokum.
- 2.16. **Tjörnin og Vatnsmýrin**, Reykjavík. (1) Tjarnir allar með hólum og bökkum. Vatnsmýrin milli Hringbrautar, Norræna hússins og Háskólavallar. (2) Mikið fuglalíf, varpland í miðri borg. Vinsælt útivistarsvæði.
- 2.17. **Valhúsaæð**, Seltjarnarnesi. (1) Kollur Valhúsaæðar, ofan Skólabrautar og Stranda. (2) Útivistarstaður og útsýni í þéttbýli.
- 2.18. **Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes**, Seltjarnarnesi. (1) Fjörur kringum nesið frá Bakka að Bygggarði. Suðurnes allt, Kotagrandi, Bakkagrandi og Bakkatjörn. (2) Fjölbreyttar fjörur og strandgróður ásamt sjávertjörnum, ríkulegt fuglalíf. Jarðlög með skeljaleifum frá síðasta hlýskeyði ísaldar og ísaldarlokum. Vinsælt útivistarsvæði.
- 2.19. **Vesturhorn Laugarness**, Reykjavík. (1) Fjörur og strandbelti á vesturströnd Laugarness, frá Kleppsvegi að sunnan norður á móts við Héðinsgötu. (2) Óröskuð strandlengja með sérkennilegum sjávarrofnum klettum. Vinsæll útivistar- og útsýnisstaður.
- 2.20. **Grafarvogur**, Reykjavík. (1) Leirur í Grafarvogi. (2) Einn mikilvægasti viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla, á höfuðborgarsvæðinu.
- 2.21. **Gufuneshöfði**, Reykjavík. (1) Vesturhluti Gufuneshöfða og fjaran framan hans. (2) Stórgrýttur höfði með jökulminjum og brattri strönd. Kjöríð útivistarsvæði, gott útsýni.
- 2.22. **Viðey**, Reykjavík. (1) Öll Viðey. (2) Lítt snortin og vel gróin eyja með fjölbreyttu landslagi í nánd við þéttbýli. Vinsælt útivistarsvæði. Söguminjar.
- 2.23. **Eyjar á Kollafirði**, Reykjavík, Kjalarneshr., Kjós. (1) Þerney, Lundey, Engey og Akurey. (2) Lágur, grónar eyjar í næsta nágrenni við þéttbýli. Varpstöðvar allmargra fuglategunda.
- 2.24. **Leiruvogur og Varmá**, Mosfellshr., Kjós. (1) Óshólmar Leirvogsár, ásamt strandlengju, fjörum og grunnsævi út að Blikastaðakró og Gunnunesi. Varmá frá upptökum til ósa. (2) Fjölbreytilegur strandgróður, lífríkar fjörur, mikið fuglalíf. Varmá er eitt fárra varmavatna á landinu og hefur mikið vísindalegt gildi. Hluti svæðisins hefur þegar verið friðlýstur, Friðland við Varmárósa.
- 2.25. **Tröllafoss**, Mosfellshr., Kjalarneshr., Kjós. (1) Tröllafoss í Leirvogsá ásamt nánasta umhverfi. (2) Snotur foss í fallegu gljúfri á vinsælli gönguleið.
- 2.26. **Andriðsey**, Kjalarneshr., Kjós. (1) Eyjan öll. (2) Mikið fuglalíf, mesta varpeyjan við sunnanverðan Faxaflóa.
- 2.27. **Laxárvogur**, Kjósarhr., Kjós. (1) Grunnsævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Hvalfjarðareyrar. (2) Víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri.
- 2.28. **Þórufoss**, Kjósarhr., Kjós. (1) Þórufoss í Laxá ásamt nánasta umhverfi. (2) Tilkomumikill foss í fögru gljúfri. Vinsæll áningarstaður.
- 2.29. **Brynjudalur og Botnsdalur**, Kjósarhr., Kjós., Hvalfjarðarstrandarhr., Borg. (1) Lönd Litla- og Stórabotns, Hrísakots, Ingunnarstaða, Þrándarstaða og Skorhaga. Svæðið tekur yfir fjörur í Botnsvogi og Brynjudalsvogi svo og Brynjudal og

- Botnsdal, allt upp fyrir Hvalvatn. (2) Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Mjög lífaudugar leirur, mikið fuglalíf. Glymur, hæsti foss landsins er í Botnsá.
- 2.30. **Leirárvogur**, Skilmannahr., Borg. (1) Fjörur og grunnsævi frá ósum Leirár og Súlueyri að norðan og Hvítanesi að sunnan. (2) Víðáttumiklar leirur með auðugu smádýralífi. Selalátur og fjöldi vaðfugla.
- 2.31. **Reykjadalsá**, Reykholtisdalshr., Borg. (1) Reykjadalssá frá Velli (Árhver) að mótum árinna við Hvítá. (2) Lygn og gróðurmikil á, sem helst auð að vetrinum vegna hveravatns sem í hana rennur. Vetrarstöðvar andfugla. Svigðumyndun árinna er óvenju falleg.
- 2.32. **Jarðhitasvæði í Deildartungu**, Reykholtisdalshr., Borg. (1) Hvera- og laugasvæði, sem nær frá Kársnesi norður að Deildartunguhver. Tilheyrir landi Deildartungu. (2) Samfelt jarðhitakerfi með hverum, laugum og lindum. Athyglisverður gróður og dýralíf.
- 2.33. **Sudda**, Reykholtisdalshr., Borg. (1) Laug norðan við eyðibýlið Suddu og nágrenni hennar. (2) Laug í miklum djújum. Óvenju fjölskrúðugt dýralíf. Ein af fáum ósködduðum laugum í Borgarfirði.
- 2.34. **Hægindakotshver**, Reykholtisdalshr., Borg. (1) Hver við bæinn Hægindi. (2) Hver í alfaraleið með allfjölbreyttu dýralífi. Nýttur til upphitunar íbúðarhúss, en er þó óskemmdur.
- 2.35. **Fossar í Rauðsgili**, Hálsahr., Borg. (1) Fossar í Rauðsgili ásamt nánasta umhverfi nálægt samnefndum bæ. (2) Einkar snotur fossaröð í fögru gili.
- 2.36. **Húsafell**, Hálsahr., Borg. (1) Jörðin Húsafell. (2) Tilkomumikið, fjölbreytt landslag, víðlendur skógur, laugar og lindir. Vinsælt útivistarsvæði. Þegar friðað að nokkru á vegum landeigenda, Skógræktar ríkisins og Náttúruverndarráðs, Friðland í Húsafellsskógi.
- 2.37. **Hellar í Hallmundarhrauni**, Hvítársíðuhr., Mýr. (1) Surtshellir, Stefánshellir og Víðgelmir, svo og hraunið hið næsta þeim, Kalmannstungu. (2) Stórir hraunhellar, Surtshellir er stærstur og nafntogaðastur íslenskra hella.
- 2.38. **Arnarvatnsheiði og Tvidægri**, Mýr., V.-Hún. (1) Vatnasvæði Arnarvatnsheiðar og Tvidægri. Að sunnan liggja mörk um Norðlingafljót frá Efri-Fljótsdrögum sunnan Bláfellstjarnar vestur á móts við Surtshelli. Þaðan liggja mörk vestur í Vatnshnúk, um Spenaheiði, Sléttafell og Suðurmannastrandfell í sýslumörk, sem afmarka austurhluta svæðisins. (2) Frjósamar tjarnir, stöðuvötn, flóar og ár á vatnasviði Þverár, Hvítár, Hrutafjarðarár, Miðfjarðarár og Víðidalssár. Silungsveiði og mikið fuglalíf.
- 2.39. **Grábrókarhraun og Hreðavatn**, Norðurárdalshr., Stafholtstungnahr., Mýr. (1) Grábrókarhraun norðan hreppamarka allt austur að Bjarnardalsá og Norðurá, ásamt Hraunsey og fossinum Glanna. Hreðavatn allt og suðurhlíðar Setmúla milli Kiðár og Brekkuár. (2) Fjölbreytt og fagurt umhverfi, fjölsótt útivistarsvæði, Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer í Brekkuárgili, Hestabrekku og Þrimilsdal.
- 2.40. **Ferjubakkafloí — Ystatunga**, Borgarhr., Stafholtstungnahr., Mýr. (1) Ferjubakkafloí við Eskiholt, Hóp, neðanverð Gljúfurá og Norðurá með bökkum ásamt Ystatungu sunnan Sólheimatungu. Að sunnan ræður þjóðvegur, að vestan Tjarnarás, Hóp og Gljúfurá, Norðurá og síðan Hvítá að austan. (2) Víðáttumiklir flóar og flæðilönd, gróðursæl síki og lygnar ár. Einn mikilvægasti viðkomustaður andfugla hérlendis.
- 2.41. **Borgarfjörður utanverður**, Borg, Mýr. (1) Fjörur og grunnsævi í Borgarvogi, Langárósi, ásamt utanverðum Borgarfirði frá línu á milli Straumeyrar og Brákar-eyjar suður að Belgsholtshólma í Melasveit og vestur um Þórmóðssker að Álftanesi á Mýrum. Langárós upp að Skuggafossi. (2) Víðáttumikið grunnsævisvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Utanverður Borgarfjörður hefur afar mikla þýðingu fyrir æðarfugl síðari hluta sumars. Langárós er einn lengsti og frjósamasti árósi landsins.

- 2.42. **Hjörsey — Straumfjörður**, Álftaneshr., Hraunhr., Mýr. (1) Hjörsey, Hjörseyjar-sandur og aðrar eyjar og sker milli Hjörseyjarsands og Straumfjarðar ásamt fjörum og grunnsævi. (2) Leirur, mýrlendi og sjávar tjarnir með miklum gróðri og dýralífi. Mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.
- 2.43. **Löngufjörur**, Mýr., Hnapp. (1) Fjörur og grunnsævi ásamt strandlengju, eyjum og skerjum frá ökrum og Hvalseyjum í Hraunhreppi vestur fyrir Sauratjörn í Miklaholtshreppi svo og Laxárbakkafloí og Glámsflói. (2) Grunnsævi, víðáttumiklar leirur, sandfjörur og fitjar, auk fjölda eyja og skerja. Blautir brokflóar. Afar mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.
- 2.44. **Barnaborg og Barnaborgarhraun**, Kolbeinsstaðahr., Hnapp. (1) Barnaborg ásamt öllu Barnaborgarhrauni. (2) Úfið apalhraun frá nútíma, víða lyngi- og kjarrivaxið, runnið frá Barnaborg, eldvarpi í miðju hrauninu, kjörið útivistarsvæði.
- 2.45. **Gerðuberg**, Eyjahr., Hnapp. (1) Stuðlabergsbelti milli bæjanna Gerðubergs og Ytra-Rauðamels, ásamt brekkum niður að þjóðvegi. (2) Tilkomumikið stuðlað hraunlag og gróskumiklar blómabrekkur.
- 2.46. **Gullborg og Gullborgarhellar**, Kolbeinsstaðahr., Hnapp. (1) Gullborg ásamt hrauni, þar sem eru Borgarhellir, Vegghellir og Flórhellir, auk tveggja nafnlausra hella. Tilheyir landi Syðra-Rauðamels, Heggstaða og Hraunholta. (2) Gígur og sérkenni-legir hraunhellar með töluverðum dropsteinsmyndunum.
- 2.47. **Rauðamelsölkelda**, Eyjahr., Hnapp. (1) Ölkeldan og næsta nágrenni hennar. (2) Ein af merkari ölkeldum landsins.
- 2.48. **Ölkelda**, Staðarsveit, Snæf. (1) Ölkelda við samnefndan bæ í Staðarsveit. (2) Ósnortin, snotur ölkelda.
- 2.49. **Lýsuhóll**, Staðarsveit, Snæf. (1) Laug og kalkútfellingar við bæinn Lýsuhól, ásamt hallamýri ofan þeirra að brekkurótum. (2) Óvenjulegt gróðurfar, sjaldgæfar plöntur og sérstæð kalkútfelling við laugina.
- 2.50. **Bjarnarfoss**, Staðarsveit, Snæf. (1) Foss suðaustur af Mælifelli, ásamt stuðlabergshömrum beggja vegna og gróskumiklum brekkum neðan þeirra. (2) Hár og tignarlegur foss, sem blasir við frá Búðum. Tilkomumiklir hamrar og sérstæður gróður.
- 2.51. **Undir Jökli**, Breiðuvíkurrh., Snæf. (1) Lönd býla vestan Snæfellsjökuls frá Dagverðará að sunnan að Skarðsvík og Gufuskálamóðu að norðan. (2) Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði.
- 2.52. **Svöðufoss**, Neshr., Snæf. (1) Foss í Hólmkelsá, suðaustur af Ingjaldshóli svo og umgjörð fossins. (2) Hár og vatnmikill foss með stuðlabergshömrum beggja vegna.
- 2.53. **Búlandshöfði**, Fróðárh., Eyrarsveit, Snæf. (1) Setlög í Búlandshöfða frá Mávahlíð að Höfða. (2) Merk jarðlög með steingerðum skeljum.
- 2.54. **Stöð (Brimlárhöfði)**, Eyrarsveit, Snæf. (1) Setlög í austurhlíð fjallsins. (2) Jarðlög með skeljum og blaðförum frá hlýskeyði á ísöld.
- 2.55. **Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn**, Helgafellssveit, Snæf. (1) Berserkjahraun allt og Hraunsfjörður innan Seljaodda ásamt Hraunsfjarðarvatni, Baulárvallavatni og Selvallavatni. (2) Stórbrotið apalhraun með gíghólum og söguminjum, Berserkjagötu og Berserkjadys. Lífaudugar fjörur, veiðivötn. Svæðið er kjörið til útivistar.
- 2.56. **Fjörur í Álftafirði, Vigrafirði og Hofstaðavogi**, Helgafellssveit, Skógarstrandarhr., Snæf. (1) Fjörur og grunnsævi í Álftafirði og Vigrafirði innan Helgafellseyja og Galtareyjar, svo og í Hofstaðavogi út að Jónsnesi og Kóngsbakka. (2) Miklar og frjósamar leirur og þangfjörur. Mikil umferð farfugla.

- 2.57. **Helgafell**, Helgafellssveit, Snæf. (1) Fellið og nánasta umhverfi. (2) Sérkennileg klettaborg, stuðluð gosrásarfilling. Fagurt útsýni og fjölbreyttur gróður í hlíðum. Söguhelgi.
- 2.58. **Ellidæy**, Stykkishólmskr., Snæf. (1) Öll eyjan ásamt Breiðhólma og Dýrhólma. (2) Sérstætt landslag, stuðlabergsmyndanir. Mikið fuglalíf.
- 2.59. **Hrappsey og Klakkeyjar**, Klofningskr., Dal. (1) Hrappsey, Skarða, Dinvanarklakkar og Stekkjarey. (2) Einstakt landslag í Klakkeyjum og sérstæð berggerð í Hrappsey.
- 2.60. **Saltadý**, Haukadalskr., Dal. (1) Saltadý í landi Hamra í Haukadal og umhverfi þess. (2) Sölt laug, óvenjulegt gróðurfar.
- 2.61. **Tungustapi**, Hvammshr., Dal. (1) Klettastapi fyrir miðjum Sælingsdal, milli Gerðis og Sælingsdalstungu. (2) Áberandi einkenni í landi og vætti í íslenskum þjóðsögum.
- 2.62. **Skeljaleifar í Kaldrana**, Saurbæjarhr., Dal. (1) Fundarstaðir skeljaleifa á um 200 m breiðu strandbelti, frá Kaldrana austur að Holtahlíð í Saurbæ. (2) Merk sjávarsetlög með skeljaleifum frá lokum ísaldar.
- 2.63. **Ásmóðarey**, Skarðshr., Dal. (1) Ásmóðarey, ásamt Svartbakaskeri út af Skarðsströnd. (2) Eyjar með fjölskrúðugu fuglalífi.
- 2.64. **Rauðseyjar**, Skarðshr., Dal. (1) Rauðseyjar allar, Svörtusker, Kjarnaklettur, Selhólmi, Beitarey, Bæjarey, Köngursey og Ásmundarsker. (2) Fallegur eyjaklasi, landslag dæmigert fyrir Breiðafjarðareyjar. Fjölbreytt fuglalíf.
- 2.65. **Breiðafjarðareyjar**, Snæf., Dal., A.- og V.-Barð. (1) Eyjar allar, hólmar og sker á Breiðafirði. (2) Miklar fuglabyggðir, selalátur, auðugar fjörur. Æskilegt að settar verði reglur um Breiðafjörð með tilliti til sérstöðu hans og gildis, bæði frá náttúrufræðilegu sjónarmiði, búsetu og hlunninda.
- 2.66. **Klofningur**, Flateyjarhr., A.-Barð. (1) Eyjan tilheyrir Flateyjarlöndum. (2) Sérstætt landslag, mikið og fjölbreytt fuglalíf.
- 2.67. **Diskæðarsker og Langey**, Flateyjarhr., A.-Barð. (1) Eyjarnar tilheyra Flateyjarlöndum. (2) Diskæðarsker er jarðfræðilega sérstætt. Gróskumikill gróður og fjölbreytt fuglalíf í Langey.
- 2.68. **Hergilsey**, Flateyjarhr., A.-Barð. (1) Eyjan öll. (2) Óbyggð eyja, fjölbreytt að landslagi, stuðlabergsmyndanir. Mikið og fjölskrúðugt fuglalíf. Söguminjar.
- 2.69. **Oddbjarnarsker**, Flateyjarhr., A.-Barð. (1) Lítil eyja um 11 km vestur af Flatey. (2) Sérstætt landslag, jarðhiti, auðugt lífríki, söguminjar.
- 2.70. **Sauðeyjar**, Barðastrandarhr., V.-Barð. (1) Eyjaklasi undan Vatnsfirði sunnan frá Flötufloðu norður fyrir Æðarsker, tilheyrir Haga. (2) Fagrar og sérstæðar eyjar hvað varðar landslag og lífríki.
- 2.71. **Borgarland — Berufjörður**, Reykhólahr., A.-Barð. (1) Nesið milli Króksfjarðar og Berufjarðar í landi Borgar, Hafrafells, Klukkufells, Mýrartungu og Hríshóls. Fjörur í Berufirði öllum út að Bjartmarssteini að austan og Börmum að vestan, ásamt Barmahlíð. (2) Sérkennilegt og fagurt landslag. Tjarnir og mýrar með miklu fuglalífi. Lífmiklar þangfjörur og leirur, gróskumiklar blóma- og kjarrbrekkur í Barmahlíð.
- 2.72. **Norðurströnd Þorskafjarðar**, Gufudalshr., A.-Barð. (1) Fjörur, fitjar og sjávertjarnir ásamt skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar, milli Teigsskóga og Hallsteinsness. (2) Miklar fjörur og fjölbreytt landslag. Ofan strandar tekur við þéttur skógur. Mjög gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðafjörð.
- 2.73. **Fjörur í Djúpafirði**, Gufudalshr., A.-Barð. (1) Fjörur í Djúpafirði öllum út að Grónesi og Hallsteinsnesi. (2) Mjög víðlendur, og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi.
- 2.74. **Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Skálmarnes**, Múlahr., A.-Barð., Barðastrandarhr., V.-Barð. (1) Svæðið milli Hjarðarness að vestan og Vattarfjarðarár í botni Vattarfjarðar að austan. Að norðan liggja mörkin um Kjálkafjarðará og Þingmannaheiði. (2) Ríkulegt gróðurfar með skóglendi í fjörðum, fuglabjarg í Múlanesi.

- 2.75. **Seljárgil í Vaðalsdal**, Barðastrandarhr., V.-Barð. (1) Jarðlög með blaðföllum við Seljá í Vaðalsdal. (2) Vatnasetlög með surtarbrandi og leifum blaða og aldina frá tertíer.
- 2.76. **Bæjarvaðall**, Rauðasandshr., V.-Barð. (1) Fjörur í Bæjarvaðli ásamt Rifi og Melanesrifi. (2) Víðáttumiklar, rauðleitar skeljasandsfjörur með fjölbreyttu dýralífi.
- 2.77. **Hafnarvaðall**, Örlygshöfn, Rauðasandshr., V.-Barð. (1) Hafnarvaðall og Tungurif. (2) Leirur og skeljasandsfjörur, fjölskrúðugt lífríki.
- 2.78. **Þórishlíðarfjall**, Ketildalahr., V.-Barð. (1) Setlög með blaðföllum í Þórishlíðarfjalli við Selárdal. (2) Meðal elstu minja um gróðurfar hérlendis á tertíer.
- 2.79. **Geirþjófsfjörður**, Suðurfjarðarhr., V.-Barð. (1) Geirþjófsfjörður innan Krosseyrar-tanga og Ófæruness. Að norðan ráða sýslumörk, að suðaustan hreppamörk og vatnaskil að sunnan. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi.
- 2.80. **Keldudalur**, Þingeyrarhr., V.-Ís. (1) Keldudalur og Hraunsland. Afmarkast annars vegar af hæstu fjallseggjum og hins vegar af Dýrafirði. (2) Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórskornu fjallendi. Framhlaup og jökulminjar.
- 2.81. **Ketilseyri í Dýrafirði**, V.-Ís. (1) Jarðlög með plöntusteingervingum í norðurhlíð fjallsins Töflu, við bæinn Ketilseyri. (2) Einstæður fundarstaður plöntuleifa í rauðu millilagi frá tertíer.
- 2.82. **Botn og Drangar í Dýrafirði**, Mýrahr., Þingeyrarhr., V.-Ís. (1) Lambadalur, Lambadalshlíð, Botnsland og Drangar. Að vestan liggja mörk um Bæjará og Lambadalssá að sýslumörkum í Lambadalsskarði. Að austan og sunnan ráða sýslu- og hreppamörk. (2) Stórbrótið land, jökulhvilftir og árgljúfur. Fjölskrúðugur gróður, kjarr- og skóglendi. Söguminjar.
- 2.83. **Holtsengi og Vöð í Önundarfirði**, Mosvallahr., V.-Ís. (1) Fjöru- og grunnsævi í innsta hluta Önundarfjarðar, innan Holtsodda, ásamt mýrlendi milli Þórustaða og Bjarnardalsóss. (2) Fjölbreytt lífríki.
- 2.84. **Botn í Súgandafirði**, Suðureyrarhr., V.-Ís. (1) Ysti hluti Botnslands inn að Gyltuskarði, ásamt hlíðum. Að norðan ráða sýslumörk og hreppamörk að sunnan. (2) Sérstætt gróðurfar, vöxtulegur birkiskógur. Fundarstaður surtarbrands og annarra steingerðra plöntuleifa. Meðal elstu minja um gróðurfar hérlendis.
- 2.85. **Gil í Syðridal**, Bolungarvík, N.-Ís. (1) Surtarbrandslög við Gilsá upp af Syðridal, (2) Fundarstaður surtarbrands frá tertíer. Fjölsótt útivistarsvæði.
- 2.86. **Fjörur í botni Skutulsfjarðar**, Ísafjarðarkaupstað. (1) Fjörur í botni Skutulsfjarðar frá ósi Tunguár að vestan að syðri enda flugvallar á Skipeyri að austan. (2) Víðáttumiklar, lífauðugar leirur, mikið fuglalíf.
- 2.87. **Arnarnes**, N.-Ís. (1) Strandlengjan ásamt fjöllum, frá Stóra- Bási í Skutulsfirði, um Arnarnes og inn fyrir Arnarneshamar. (2) Sérkennileg klettaströnd, lífauðug fjara og mikið fuglalíf.
- 2.88. **Hestfjarðarbrúnir og Eiði**, Súðavíkurrh., N.-Ís. (1) Vestanverður botn Hestfjarðar sunnan frá hreppamörkum að Vatnsdalssá í botni Seyðisfjarðar, ásamt Eiði. Að vestan fylgja mörkin 300 m hæðarlínu, en strönd Hestfjarðar að austan. (2) Sérstæðar sjávarrofsmýndanir. Birkikjarr.
- 2.89. **Mjóifjörður**, Reykjafjarðarhr., N.-Ís. (1) Vestanverður Mjóifjörður Heydalur, Gljúfradalur, Seljadalur og Látrar, ásamt aðliggjandi fjallendi. Suðurmörk liggja um Botnsfjall, Grímshól og í hreppamörk vestan Djúpavatns, þaðan um hreppamörk allt norður að Digranesi. (2) Fjölbreytt landslag, fagurt og gróskumikið kjarrlendi.
- 2.90. **Botn Ísafjarðar**, Reykjafjarðarhr., N.-Ís. (1) Dalbotninn vestan hreppamarka upp að efstu klettabrúnum, frá Hestakleif suður á móts við Torfadal. (2) Sérstætt gróðurfar.

- 2.91. **Reykjanes við Ísafjörð**, Reykjavíkjardarhr., N.-Ís. (1) Allt nesið norðan Rauðagarðs. (2) Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.
- 2.92. **Vatnsfjarðarnes og Borgarey**, Reykjavíkjardarhr., N.-Ís. (1) Vatnsfjarðarnes allt og fjörur norðan botns Vatnsfjarðar og Saltvíkur í Mjóafirði ásamt Borgarey. Tilheyrir landi Vatnsfjarðar. (2) Fagurt og fjölbreytt land, sérstæðar sjávarrofsmyndanir. Grösug eyja með fjölskrúðugu fuglalífi.
- 2.93. **Kaldalón**, Nauteyrarhr., Snæfjallahr., N.-Ís. (1) Undirlendi, fjörur og grunnsævi austan Lónseyrar og Kaldár upp að fjallsbrúnum allt að Votubjörgum og Jökulholti. (2) Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag. Ýmsar berggerðir, jökulgarðar, óshólmar, leirur og surtarbrandur. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf.
- 2.94. **Suðausturhluti Grunnavíkurhrepps hins forna**, Snæfjallahr., N.-Ís. (1) Svæðið sunnan Skorarheiðar að mörkum hins forna Grunnavíkurhrepps frá Geirólfsnúp að vatnaskilum í Drangajökli. Að vestan ráða vatnaskil og síðan Jökulsá til sjávar í Leirufirði. (2) Hrikaleg fjöll og sérstæð náttúruvegurð ásamt fjölskrúðugu lífi. Æskilegt að þetta svæði verði sameinað friðlandinu á Hornströndum.
- 2.95. **Drangaskörð**, Árneshr., Strand. (1) Hrikalegur klettaraní austur úr Drangahálsi norðan Drangavíkur ásamt undirlendi. (2) Stórskorinn klettaraní með djúpum skörðum mótaður af rofi jökla frá ísöld.
- 2.96. **Veiðileysufjörður — Kaldbaksdalur**, Árneshr., Kaldrananeshr., Strand. (1) Fjalllendið milli Veiðileysufjarðar og Kaldbaksdals. Að sunnan og austan ráða vatnaskil til Kaldbaksdals allt að Strýtu og síðan Bæjará í botn Veiðileysufjarðar. (2) Stórskorið og margbreytilegt landslag.
- 2.97. **Tröllatunga**, Kirkjubólshr., Strand. (1) Steingervingalög við Grýlufoss og í Hrafnsklettum í Tröllatungu við Steingrímsfjörð. (2) Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer.
- 2.98. **Mókollsdalur**, Fellshr., Strand. (1) Steingervingalög í Hrutagili í Mókollsdal, er í landi Prúðardals. (2) Setlög með steingerðum plöntum og skordýrum frá tertíer.
- 2.99. **Nákuðungslögin við Bæ í Hrutafirði**, Bæjarhr., Strand. (1) Malarkambur við Bæjará niður af Bæ. (2) Merk sjávarsetlög með skeldýraleifum frá nútíma. Lögin bera vitni um hærri sjávarstöðu á miðbiki nútíma, fyrir 4—5000 árum.
- 2.100. **Hindisvík**, Pverárrh., V.-Hún. (1) Jörðin Hindisvík á Vatnsnesi. (2) Fjölbreytilegt strandlandslag. Eitt mesta selalátur á Norðurlandi.
- 2.101. **Hvítserkur**, Pverárrh., V.-Hún. (1) Hvítserkur í vestanverðum botni Húnaafjarðar. (2) Sérkennilegur brimsorfinn berggangur í sjó.
- 2.102. **Björg — Borgarvirki**, Pverárrh., V.-Hún. (1) Að vestan fylgja mörk vesturbakka Sigríðarstaðavatns og Hólaá suður á móts við Hrutatanga og síðan vestur- og suðurbökkum Vesturhópsvatns að Faxalæk. Að sunnan og austan ráða hreppa- og sýslumörk allt norður í Bjargaós. (2) Fagurt og fjölbreytt landslag, björg, tjarnir, mýrlendi og sandar. Athylgisverðar jarðmyndanir og fornminjar, Borgarvirki.
- 2.103. **Kerafossar**, Þorkelshólshr., V.-Hún. (1) Fossar og árrofsmyndanir í Fitjá í Víðidal. (2) Friðir fossar og flúðir, skessukatlamyndanir.
- 2.104. **Kolugil**, Þorkelshólshr., V.-Hún. (1) Gljúfur og fossar í Víðidalsá. (2) Þröngt og djúpt gljúfur, víða gróðurrikt með fallegum fossum, Kolugilsfossum.
- 2.105. **Bakkabrúnir í Víðidal**, Þorkelshólshr., V.-Hún. (1) Setlagaopna í landi Bakka og nánasta umhverfi. (2) Pykk setlög með steingerðum leifum plantna frá einu af hlýskeiðum ísaldar.
- 2.106. **Vatnsdalshólar**, Sveinsstaðahr., A.-Hún. (1) Hólarnir vestan Hnausakvíslar og Flóðsins milli Þjóðvegur og Þórdísarlækjar í löndum Sveinsstaða og Vatnsdalshóla. (2) Fjöldi framhlaupshóla úr Vatnsdalsfjalli, flæðiengi og tjarnir.

- 2.107. **Eylendið, Flóðið og Húnavatn**, Sveinsstaðahr., Torfalækjarhr., A.-Hún. (1) Húnaós, Húnavatn, Hnausakvísl með bökkum, Eylendið frá Giljáreyrum suður undir Hnausa, Flóðið og óshólmar Vatnsdalsár í Vatnsdal. (2) Flæðimýrar, óshólmar og vötn með fjölbreyttu lífi.
- 2.108. **Kálfshamarsvík á Skaga**, Skagahr., A.-Hún. (1) Strandlengja og fjörur milli Framness og Kálfshamars á Skaga. (2) Sérkennileg sjávarströnd með fjölbreyttum stuðlabergsmýndunum, lón með varphólma.
- 2.109. **Fossar í Vatnsdalsá og Friðmundará**, Áshr., A.-Hún. (1) Fossarnir Skínandi, Kerafoss, Rjúkandi og Skessufoss í Vatnsdalsá vestur af Bótarfelli og Bótarfoss í Friðmundará. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar í hrikalegum gljúfrum, surtarbrandur.
- 2.110. **Eyjavatn og Friðmundarvatn vestara**, Auðkúluheiði, A.-Hún. (1) Vötnin ásamt hölmum og bökkum. (2) Grunn stöðuvötn, óvenjumikið fuglalíf og gróskumikill gróður í hölmum.
- 2.111. **Blöndugil og Rugludalur**, Auðkúluheiði, A.-Hún. (1) Árgljúfur Blöndu frá norður-enda Reftjarnarbungu niður undir Þröm ásamt Rugludal. (2) Hrikalegt gljúfur með gróðursælum hvömmum og birkikjarri.
- 2.112. **Botn Vesturdals (Hofsárdals)**, Skag. (1) Innsti hluti Vesturdals, innan Miðmundargils og gljúfrið inn af honum. (2) Sérkennilegur og gróðursæll dalur, umgirtur hömrum og snarbröttum hlíðum. Fagrir fossar í Fossá.
- 2.113. **Kotagil og Skeljungssteinn**, Akrahr., Skag. (1) Kotagil og Skeljungssteinn, sem stendur stakur allan vestan þess. Gilið er á mörkum Silfrastaða og Ytri-Kota. (2) Hrikalegt, djúpt árgljúfur. Í hraunlagi í gljúfrinu, svo og í Skeljungssteini, eru för eftir trjáboli.
- 2.114. **Malarásar í Sæmundarhlíð**, Seiluhr., Staðarhr., Skag. (1) Malarásar meðfram Sæmundará, milli bæjanna Fjalls og Auðna. (2) Óvenju fallegir og reglulega lagaðir malarásar auk jökulkerja. Merkar jarðsögulegar minjar um hop jökulsins í lok ísaldar.
- 2.115. **Austara-Eylendið**, Rípurhr., Viðvíkurhr., Skag. (1) Óshólmasvæði Austari-Héraðsvatna. Að austan fylgja mörk austurbakka Austari-Héraðsvatna frá sjó suður að norðurodda Holtseyjar, en að vestan vesturjaðri mýrlendis við Ríp og síðan vesturbökkum Ásvatns og Garðsvatns og til sjávar í Garðskróki. (2) Fjölbreytt fuglalíf og gróður.
- 2.116. **Ketubjörg á Skaga**, Skefilsstaðahr., Skag. (1) Strandlengjan frá Ketukögri suður á móts við eyðibýlið Kleif. (2) Tilkomumikil sjávarbjörg, drangar og gatklettar, leifar af eldstöð frá ísöld.
- 2.117. **Drangey**, Skag. (1) Drangey ásamt Kerlingu. (2) Há, þverhnipt klettaeyja með miklum fuglabjörgum og gróskumiklum gróðri.
- 2.118. **Höfðavatn og Þórðarhöfði**, Hofshr., Skag. (1) Höfðavatn og Þórðarhöfði við austanverðan Skagafjörð. (2) Stöðuvatn með ísöltu vatni. Fjölbreytt og auðugt lífríki.
- 2.119. **Reykjarhóll á Bökkum**, Haganeshr., Skag. (1) Reykjarhóll og nánasta umhverfi, við samnefndan bæ. (2) Sérkennilegur, stakur, keilulaga jökulbergshóll með laug í kollinum.
- 2.120. **Ríplarnir á Ufsaströnd**, Dalvíkurhr., Eyf. (1) Hólsrípill og Sauðakotsrípill ásamt nánasta umhverfi. (2) Merkar jökulurðir frá lokum ísaldar.
- 2.121. **Hraunsvatn — Vatnsdalur**, Öxnadalshr., Eyf. (1) Svæðið nær yfir vatnasvið Vatnsdals auk Hraunshrauns og Hólahóla allt niður að brekkurótum milli Hrauns og Bessahlaða. (2) Fjölbreytt og fagurt land með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, Hraundröngum.

- 2.122. **Leyningshólar og Hólahólar**, Saurbæjarhr., Eyf. (1) Framhlaup norðan mynnis Villingadals og vestan Þjóðvegur í innanverðum Eyjafirði. (2) Mikið framhlaupa-svæði með tjörnum og skógarleifum, fornminjar. Vinsælt útivistarsvæði.
- 2.123. **Krossanesborgir**, Akureyri, Glæsibæjarhr., Eyf. (1) Krossanesborgir, Krossanes-hagi, Brávellir, Blómsturvellir, Pétursborg og Sílastaðatangi. Að sunnan afmarkast svæðið af útjadrí túna í Ytra-Krossanesi, að vestan af Þjóðvegi og túnum í Dvergasteini, en Teigalæk og Efra-Lóni að norðan. (2) Sérkennilegt landslag, jökulminjar og votlendi. Hentugt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis.
- 2.124. **Hörgárósar**, Glæsibæjarhr., Arnarneshr., Eyf. (1) Ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri neðan bæjanna Óss og Skipalóns með fjörum og grunnsævi. (2) Tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf. Rústir forns verslunarstaðar.
- 2.125. **Grimsey**, Eyf. (1) Grimsey norðan Bása og Handfestargjár ásamt öllum fuglabjörg-um á austurhluta eyjarinnar suður að Flesjum. (2) Miklar og sérstæðar sjöfugla-byggðir.
- 2.126. **Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda**, Grýtubakkahr., Hálshr., Ljósavatnshr., S.-Þing. (1) Látraströnd, Fjörður, Flateyjardalur og Náttfaravíkur. Suðurmörk eru um Kaldbak, Leirdalsöxl, Blámannshatt, Skessuskálarfjall og Bakranga. (2) Mjög fjölbreytilegt landslag og ríkulegur gróður. Kjöríð útivistarsvæði til alhliða náttúru-sköðunar.
- 2.127. **Lónin og Laufáshólmar**, Grýtubakkahr., S.-Þing. (1) Ósasvæði Fnjóskár og gilið upp fyrir Laufásfossa, Lónin í Höfðahverfi auk Nesmóa og Flæðiangja allt norður að Hólsá og Gljúfurá. (2) Fjölbreytt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.
- 2.128. **Melar við Illugastaði**, Hálsahr., S.-Þing. (1) Illugastaðaklif og aðrir melhjallar milli Illugastaða og Sellands í Fnjóskadal. (2) Leifar af framburðareyrum í svonefndu Fnjóskadalsvatni, sem fyllti dalinn í lok ísaldar.
- 2.129. **Bleiksmýrardalur**, Hálshr., S.-Þing. (1) Dalurinn upp að fjallsbrúnum frá Reykjum að Skarðsöxl sunnan Gönguskarðs. (2) Fjölbreytilegt landslag, berghlaup, jarðhiti við Reyki og birkiskógur í hlíðum.
- 2.130. **Tungnafellsjökull**. (1) Jökullinn norðan vatnaskila til Jökuldalsár ásamt undirhlíðum, Tómasarhaga og jarðhitasvæði í Vonarskarði. (2) Fjölbreytilegt landslag með fögrum og sérstæðum gróðurminjum.
- 2.131. **Gæsavötn við Gæsaþjúk**, S.-Þing. (1) Vötn við suðurjaðar Ódáðahrauns vestur undir Gæsaþjúk og umhverfi þeirra. (2) Lindavötn og hálendisvin, um 920 m y. s.
- 2.132. **Laufrönd og Neðribotnar**, S.-Þing. (1) Gróðurlendi í vesturjadrí Ódáðahrauns milli Laufrandar og Hraunár sunnan frá Steinfelli norður fyrir Neðribotna. (2) Gróður-sælt umhverfi tjarna og lindavatna, 7—800 m y. s. Sérstætt fuglalíf.
- 2.133. **Ingvararfoss, Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss**, Bárðdælahr., S.-Þing. (1) Skjálf-andafljótið ásamt bökkum, frá og með Hrafnabjargafossi og upp fyrir Ingvararfoss. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar nærri fjölfarinni leið.
- 2.134. **Ljósavatn**, Ljósavatnshr., S.-Þing. (1) Ljósavatn og umhverfi upp að brúnum Krossaxlar að norðan og Stóradalsfjalls að sunnan, milli hreppamarka að vestan og Geitár og bæjarins Kross að austan. (2) Fjölbreytt landslag, stöðuvatn, framhlaup, jökulurðarhólar, hraun og skógur.
- 2.135. **Goðafoss**, Ljósavatnshr., S.-Þing. (1) Fossinn og gljúfrið neðan hans og næsta nágrenni. (2) Goðafoss er einn tilkomumesti foss landsins.
- 2.136. **Þingey**, Ljósavatnshr., Reykdælahr., S.-Þing. (1) Þingey og nálægar eyjar í Skjálf-andafljóti, eyrar og bakkar fljótsins norður að Vaðsvaði, austurhlíðar Kinnarfells og vesturhlíðar Fljótsheiðar við Þingey. (2) Óbyggður skógivaxinn dalur. Fallegir fossar og gljúfur, gróðurrikar eyjar. Söguhelgi.

- 2.137. **Varastaðaskógur**, Reykdælahr., S.-Þing. (1) Skóglendi milli Ljósstaða og Brettingsstaða í Laxárdal. (2) Fallegur birkiskógur. Svæðið er að hluta friðlýst skv. lögum um vernd Mývatns og Laxár.
- 2.138. **Halldórsstaðir**, Reykdælahr., S.-Þing. (1) Jörðin Halldórsstaðir I í Laxárdal. (2) Fjölbreytt landslag neðan frá Laxá og upp í heiði.
- 2.139. **Gervigapýrpingar í Aðaldal**, Aðaldælahr., S.-Þing. (1) Gjallgígar og borgir í miðjum Aðaldal við bæina Haga, Nes, Hafraæk, Garð, Jarlsstaði, Tjörn og Knútsstaði. (2) Fjölbreyttar gervigamyndanir í Laxáhrauni yngra.
- 2.140. **Votlendi á Sandi og Sílalæk**, Aðaldælahr., S.-Þing. (1) Miklavatn í Aðaldal og mýrlendi umhverfis það milli Aðaldalshrauns, Sjávarsands og Skjálfandafljóts, í löndum Sands og Sílalækjar. (2) Stórt og gróðurmikið vatn, víðáttumikil flæðilönd með miklu fuglalífi.
- 2.141. **Þeistareykir**, Reykjahr., S.-Þing. (1) Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum. (2) Fjölbreyttar jarðhitamyndanir, gufu- og leirhverir, útfellingar í norðurhlíðum Bæjarfjalls og við Bóndhól, jarðhitaplöntur.
- 2.142. **Vítin á Reykjaheiði**, Reykjahr., S.-Þing. (1) Stóra- og Litlavíti á Þeistareykjabungu ásamt nánasta umhverfi. (2) Merkar jarðeldamyndanir, formfagur hraungígur frá nútíma.
- 2.143. **Voladalstorfa (Tjörnestá)**, Tjörneshr., S.-Þing. (1) Nesið milli Sandvíkur og Breiðuvíkur. (2) Lundabyggð og sérkennileg móbergshamraströnd.
- 2.144. **Mánáreyjar**, Tjörneshr., S.-Þing. (1) Háey og Lágey. (2) Allmiklar byggðir sjófugla.
- 2.145. **Votlendi við Óxarfjörð**, Kelduneshr., N.-Þing. (1) Um 3 km breið strandlengja vestan frá Lóni austur að hreppamörkum við Núpa, auk Litluár að Brunnum. (2) Sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn. Starengjar, keldur og þornaðir árfarvegir. Mikið fuglalíf.
- 2.146. **Norðausturhorn Melrakkasléttu**, Presthólahr., Raufarhafnarhr., N.-Þing. (1) Norðausturhorn Sléttu. Að vestan liggja mörk frá Blikalóni með vesturjaðri Blikalónsdals suður á mótis við Grænuás á Austursléttuheiði. Suðurmörk liggja um Grænur og þaðan sunnan Steinunnarvatns í Miðás við Glápavötn, Melrakkaás og austur í Bæjarvík norðan Raufarhafnar. (2) Víðáttumiklar mýrar, lóna- og straumvatnakerfi, sjávarfitjar. Gróður og dýralíf með svalviðrisblæ, mikið fuglalíf. Sigdalur með miklu grunnvatnsstreymi, lindir.
- 2.147. **Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall**, Skeggjastaðahr., N.-Múl. (1) Jörðin Gunnólfsvík. (2) Mjög athyglisvert gróðurfar.
- 2.148. **Fuglabjarganes**, Vopnafjarðarhr., N.-Múl. (1) Strandlengja og fjörur við Fuglabjarganes í Vopnafirði, frá Litluá að Hámundarstöðum. (2) Fögur og fjölbreytt strönd, mikið fuglalíf.
- 2.149. **Nípslón og Skógalón**, Vopnafjarðarhr., N.-Múl. (1) Fjörur og grunnsævi í Nípslóni og Skógalóni inn af Nípsfirði. (2) Grunn, sölt lón. Mikið dýralíf við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni.
- 2.150. **Fagradalsfjöll — Kollumúli**, Vopnafjarðarhr., Hlíðarhr., N.-Múl. (1) Skaginn milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa utan við Búr, Hellisheiði og Hellisá, ásamt Bjarnarey. (2) Fagurt fjallendi með dalverpum og litríkri strönd. Gróður með útnesjasvip.
- 2.151. **Hrafnabjörg**, Hjaltastaðahr., N.-Múl. (1) Eyðibýlið Hrafnabjörg ásamt Stóruvönd og Dyrum í Dyrfjöllum. (2) Stórbrotið framhlaup, fjölbreytt og sérstætt landslag.
- 2.152. **Loðmundarfjörður og Víkur**, Borgarfjarðarhr., N.-Múl. (1) Svæðið frá Hafnarbjargi norðan Brúnavíkur að Fjallshnaus sunnan Loðmundarfjarðar. Að sunnan og vestan ráða hreppa- og sýslumörk norður að Hvannstöðseggjum, en þaðan fylgja mörk vatnaskilum. (2) Víðlent og fjölbreytt svæði með litríkum bergmyndunum, líparíti og fjölskrúðugum og sérstæðum gróðri.

- 2.153. **Vestdalur og Vestdalseyri**, Seyðisfjarðarkaupstað. (1) Vestdalur, Vestdalsá ásamt Vestdalseyri frá Háubökkum og Hrutahjalla að Grýtuá. Að vestan og norðan ráða sýslu- og hreppamörk. (2) Grösugt dalverpi norðan undir Bjólfi og eyri með minjum um byggð.
- 2.154. **Austdalur**, Seyðisfjarðarhr., N.-Múl. (1) Vatnasvið Austdalsár, í landi eyðibýlisins Austdals. (2) Grösugt dalverpi kringt háum fjöllum.
- 2.155. **Stuðlafoss**, Jökuldalshr., N.-Múl. (1) Stuðlafoss hjá samnefndum bæ á Jökuldal. (2) Sérlega fögur stuðlabergsumgjörð um fallegan foss.
- 2.156. **Kverkfjöll — Krepputunga**, N.-Múl. (1) Kverkfjöll, Kverkfjallarani og Krepputunga. Svæðið milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu, allt suður í Vatnajökul. (2) Stórbrotið landslag með virkum eldstöðvum og fjölbreytilegum jarðmyndunum, jarðhiti í Hveradal og Hveragili. Íshellir í sporði Kverkfjökuls. Kjörið land til útivistar og náttúruskoðunar.
- 2.157. **Eyjabakkar**, Fljótsdalshr., N.-Múl. (1) Vatnasvið Jökulsár í Fljótsdal, frá Eyjabakkafossi inn að Eyjabakkajökli. (2) Övenju grösugt votlendi í um 650 m y. s. með fjölda tjarna. Svípmikið landslag við rætur Snæfells, jökulgarðar með hraukum við Eyjafell.
- 2.158. **Hengifossárgljúfur**, Fljótsdalshr., N.-Múl. (1) Gljúfrið með Hengifossi og Litlanesfossi. (2) Sérstæð umgjörð um Hengifoss, einn hæsta foss landsins, og stuðlabergsmyndanir við Litlanesfoss.
- 2.159. **Ranaskógur og Gilsárgil**, Fljótsdalshr., N.-Múl. Vallahr., S.-Múl. (1) Gilsáreyri, Gilsárgil og Gilsárdalur ásamt Ranaskógi austan Vallholts og Tófuaxlar. (2) Stórbrotið gljúfur og vöxtulegur skógur.
- 2.160. **Vatnsskógar, Skriðuvatn og Haugahólar**, Skriðdalshr., S.-Múl. (1) Skriðuvatn og vesturhlíðar Vatnsskógafjalls og Haugafjalls milli Forviðarár og Stuttadalsár, í landi Vatnsskóga og Hauga. (2) Stórbrotið framhlaup og lífríkt vatn í gróðursælu umhverfi.
- 2.161. **Þingmúli í Skriðdal**, Skriðdalshr., S.-Múl. (1) Lönd jarðanna Þingmúla og Múlastekks milli Múlaár og Geitdalsár frá Hálsamótum út að armótum. (2) Fjölbreyttar jarðmyndanir, framhlaup, steingervingar frá tertíer. Söguminjar.
- 2.162. **Austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil**, Egilsstaðahr., S.-Múl. (1) Eyvindarárgil ofan brúar á Úthéraðsvegi. Miðhúsa- og Dalhúsaskógur, ásamt Kálfshóli og Puriðarstöðum, inn að Slenju. Að vestan fylgja mörk Eyvindará, en fjallsbrúnum að austan. (2) Fagurt gljúfur, vatnsmikil bergvatnsá, skóglendi og jökulgarðar. Útivistarsvæði í nágrenni Egilsstaðakaupþúns.
- 2.163. **Fjarðardalur**, Mjóafjarðarhr., S.-Múl. (1) Dalurinn inn af Fjarðarbýlum í botni Mjóafjarðar norður að vatnaskilum á Mjóafjarðarheiði og Eggjum. (2) Gróðursæll dalbotn með fjölgresi, birkikjarr í norðurhlíðum. Hrikaleg blágrýtisfjöll á báðar hliðar. Fagrir fossar, Klifbrekkufossar í Fjarðará.
- 2.164. **Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandrastaðir**, Norðfjarðarhr., S.-Múl. (1) Svæðið norðan Norðfjarðarár, frá Ytri-Máriánslæg (Maríulæk) inn að Fannardalsá og til fjallseggja. (2) Kjarrivaxnar hliðar og mikið framhlaup, Hólahólar, með lífríkum smátjörnum. Gott land til útivistar.
- 2.165. **Skrúður**, Fáskrúðsfjarðarhr., S.-Múl. (1) Eyjan Skróður í landi Vattarness. (2) Gróin klettaeyja, miklar sjófuglabyggðir.
- 2.166. **Sandfell í Fáskrúðsfirði**, Fáskrúðsfjarðarhr., S.-Múl. (1) Sandfell í landi Víkurgerðis ásamt næsta umhverfi. (2) Afar sérstæður líparíteitill, hluti af hinni fornu Reyðarfjarðareldstöð.

- 2.167. **Blábjörg við Berufjörð**, Beruneshr., S.-Múl. (1) Klettur við sjó í landi Fagrahvatns, ásamt tanganum Haga og Gatkletti við hann og tveimur hólmum utar. Stórhólma og Kálhólma. (2) Blábjörg eru hluti af sérkennilegu flikrubergrslagi sem mynda með tanga og hólum fallega heild.
- 2.168. **Hálsar og Hálsarætur við Djúpavog**, Búlandshr., S.-Múl. (1) Hálsar og svæði ofan þjóðveggar frá Kambshjáleigu út fyrir Rakkaberg og inn með því að norðan á móts við Nautalág. (2) Fjölbreytilegt landslag með sérkennilegum berggöngum, skógarreit og góðum gróðurskilyrðum. Útivistarsvæði í nágrenni Djúpavogs.
- 2.169. **Papey**, Búlandshr., S.-Múl. (1) Papey og úteyjar. (2) Stór, vel gróin eyja með fjölbreyttu landslagi og miklu fuglalífi.
- 2.170. **Álftafjörður**, Geithellnahr., S.-Múl. (1) Grunnsævi og fjörur í Álftafirði, sunnan Brimilsness. (2) Víðáttumiklar ísaltar leirur með einstæðum gróðri.
- 2.171. **Hofsdalur og Tunga (Hofstunga)**, Geithellnahr., S.-Múl. (1) Hofsdalur innan við Eyðikinnargil og Flugustaðadalur norðan Hofsár syðri (Suðurár). Að vestan og norðan ráða vatnaskil. (2) Gróðursælir dalir með vöxtulegu kjarri og skógarteigum kringdir litríkum og háum fjöllum. Margir snotrir fossar, einkum í Hofsa.
- 2.172. **Lónsfjörður — Hvalnes**, Bæjarhr., A.-Skaft. (1) Fjörur og grunnsævi í Lónsfirði öllum ásamt votlendi utan ræktaðs lands, milli fjarðar og Jökulsár auk jarðarinnar Hvalness í Lóni. (2) Grunnur fjörður með þroskamiklum og sérstæðum botngróðri, sjávarfitjar og mýrlendi með tjörnum. Þýðingarmikill viðkomustaður farfugla. Sérkennilegt og fagurt landslag með hömrum úr djúþbergi við Hvalnes.
- 2.173. **Þórisdalur**, Bæjarhr., A.-Skaft. (1) Land jarðarinnar Þórisdals í Lóni vestan þjóðveggar. Að sunnan fylgja mörk Laxá og síðan hreppamörkum að Lambatungujökli, en að norðan fylgja mörk Skyndidalsá og Jökulsá. (2) Fjölbreytt og litríkt landslag. Dalsskógur í norðanverðum Laxárdal. Fjölsótt útivistarsvæði.
- 2.174. **Laxárdalur**, Nesjahr., A.-Skaft. (1) Laxárdalur að meðtöldum malarkambi í dalsmynninu, að öðru leyti ráða vatnaskil til Laxár. (2) Dalur með fjölbreyttum og litríkum jarðmyndunum, mýrlendi og vötn, talsvert fuglalíf.
- 2.175. **Skarðsfjörður**, Nesjahr., Hafnarhr., A.-Skaft. (1) Fjörur, grunnsævi, eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. (2) Lífaudugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.
- 2.176. **Baulutjörn**, Mýrahr., A.-Skaft. (1) Baulutjörn á Mýrum. (2) Óvenju lífrík tjörn, mikið fuglalíf.
- 2.177. **Viðborðsdalur**, Mýrahr., A.-Skaft. (1) Dalurinn norðaustan undir Viðborðsfjalli og Sandmerkisheiði frá Selhvammi að jökli, svo og Jökulfell austan dalsins. (2) Stórbrotið landslag með kjarlendi. Jarðhitavottur í Vandræðatungum.
- 2.178. **Steinadalur og Staðarfjall**, Borgarhafnarhr., A.-Skaft. (1) Steinadalur, Hvannadalur og Kálfafellsdalur vestan Steinavatna með aðliggjandi fjallendi. Að suðaustan fylgja mörk þjóðvegi, frá Steinavötnum að Steinafjalli, en að öðru leyti ráða vatnaskil. (2) Stórbrotið landslag með háum fjöllum, Þverártindsegg, hrikalegu gljúfri, Klukkugili, og kjarri á Steinadal og í Staðarfjalli.
- 2.179. **Hrollaugseyjar**, Borgarhafnarhr., A.-Skaft. (1) Þrjár smáeyjar. (2) Eyjar í hlýjasta hluta sjávar við landið, en nálægt skörpum hitaskilum. Klettafjörur, nánast þær einu á mjög stóru svæði.
- 2.180. **Breiðamerkursandur**, Borgarhafnarhr., Hofshr., A.-Skaft. (1) Sandurinn milli Vestari-Kvíár og Fellsár, frá Breiðamerkurjökli til fjöru. (2) Jökulsáraurar og ýmsar jökulminjar á svæði sem nýlega varð jökulvana. Athyglisvert gróðurfar, mikið fuglalíf, selir.

- 2.181. **Eystrihvammur við Kvísker**, Hofshr., A.-Skaft. (1) Hvammurinn allur ásamt stöðuvatni í botni hans. (2) Kjarrivaxinn hvammur með tæru stöðuvatni. Mikill og sérstæður gróður, auðugt fuglalíf.
- 2.182. **Jökulöldur við Kvíárjökul**, Hofshr., A.-Skaft. (1) Kvíármýrarkambur, Kambsmýrarkambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul. (2) Einhverjar stærstu og sérstæðustu jökulöldur á landinu, við alfaraleið.
- 2.183. **Hamrar milli Gljúfursár og Salthöfða**, Hofshr., A.-Skaft. (1) Hamarbelti ofan flugvallar við Fagurhólsmýri, frá Gljúfursá að Salthöfðafriðlandi. (2) Sérkennilegir blágrýtishamrar, sérstætt náttúrufar.
- 2.184. **Svínafellslögin**, Hofshr., A.-Skaft. (1) Sandsteinslög neðarlega í vestanverðu Svínafellsfjalli. (2) Vatnasetlög með blaðförum frá hlýskeiði ísaldar.
- 2.185. **Núpsstaðarskógur og Grænalón**, Hörgslandsshr., V.-Skaft. (1) Svæði frá Núpsá og Súlu að sýslumörkum á Skeiðarársandi, frá Þjóðvegi norður og austur í jökul. (2) Sérstætt svæði um náttúrufar og fegurð.
- 2.186. **Fjaðrárgljúfur**, Kirkjubæjarhr., V.-Skaft. (1) Gljúfrið allt. (2) Tilkomumikið gljúfur með háum og fallegum slæðufossi.
- 2.187. **Grenlækur**, Kirkjubæjarhr., V.-Skaft. (1) Grenlækur ásamt Tröllshyl, Arnardrangshólma og Stararflóði milli Grenlækjaróss og Pykkvabæjar. (2) Víðáttumikil flæðing, tjarnir, lindir og lækir. Auðugt og óvenjulegt lífríki, mikið fuglalíf.
- 2.188. **Steinsmýrarflóð**, Leiðvallahr., V.-Skaft. (1) Votlendið frá jaðri Eldhrauns norður og austur að söndum og suður að Eldvatni. (2) Gulstararflóð og grunnt stöðuvatn, mikið fuglalíf.
- 2.189. **Syðsti hluti Reynisfjalls, Reynisdrangar og Hellnaskagi**, Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Reynisfjall upp að efstu brúnum, frá Görðum að vestan, suður fyrir fjallið að Króktorfuhaus, ásamt Reynisdröngum og Hellnaskaga. (2) Fjölbreyttar stuðlabergsmyndanir, hellisskútar og gróskumiklar hlíðar, mikið fuglalíf, sögulegar minjar.
- 2.190. **Dyrhólaós**, Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Fjörur og grunnsævi í Dyrhólaósi. (2) Sjávarleirur með sérstæðum lífsskilyrðum, mikið fuglalíf. Einu sjávarleirurnar á Suðurlandi.
- 2.191. **Skammadalskambar í Mýrdal**, Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Efri hluti Skammadalskambar og Sjónaröxl, upp af bæjunum Skammadal og Skammadalshóli. (2) Fornar sæskeljar og kuðungar í setbrotum á dreif um móbergið.
- 2.192. **Loftalahellir**, Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Hellirinn ásamt nánasta umhverfi. (2) Sérstæður hellir í móbergshamri syðst í Geitafelli. Sögustaður.
- 2.193. **Eyjarhóll**, Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Eyjarhóll og um 200 m breið jarðsilsbrekka norður af hólum í Pétursey. (2) Stakur keilulaga blágrýtishóll, afar sérstætt stallalandslag vegna jarðsils.
- 2.194. **Kvernugil**, A.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Gilið og nánasta umhverfi. (2) Sérstætt gljúfur með fögrum fossi, Kvernufossi.
- 2.195. **Seljalandsfoss og Gljúfrabúi**, V.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Fossarnir báðir, svo og hamrarnir og brekkan milli þeirra. (2) Einkar fallegir fossar, sem setja mikinn svip á landslagið, gróskumiklar brekkur.
- 2.196. **Litli- og Stóri-Dímon**, V.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Höfðarnir Litli- og Stóri-Dímon í landi Eyvindarkots. (2) Svipmiklir, stakir móbergshöfðar.
- 2.197. **Nauthúsagil**, V.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Nauthúsagil ásamt fossi, skammt fyrir innan Stóru-Mörk. (2) Djúpt og þröngt gil, snotur foss.
- 2.198. **Þórsmörk**, Rang. (1) Þórsmörk, Almenningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktar ríkisins. Vinsælt útivistarsvæði.

- 2.199. **Bleiksárgljúfur**, Fljótshlíðarhr., Rang. (1) Gljúfrið ásamt fossum. (2) Þröngt og djúpt gljúfur, fjölbreyttur gróður.
- 2.200. **Merkjáfoss (Gluggafoss)**, Fljótshlíðarhr., Rang. (1) Foss í Merkjá rétt vestan Múlakots. (2) Hár og sérstæður foss í fögru umhverfi.
- 2.201. **Ellidæy**, Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Mjög miklar og sérstæðar sjófuglabyggðir.
- 2.202. **Ystiklettur**, Vestmannaeyjum. (1) Ytri hluti Norðurkletta utan línu sem hugsast dregin norður úr botni Klettsvíkur. (2) Miklar og sérstæðar fuglabyggðir.
- 2.203. **Hellisey**, Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Mjög falleg eyja, mikill bjargfugl.
- 2.204. **Súlnasker**, Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Um 70 m há klettaeyja, Mikill bjargfugl, bæði utan í og ofan á eyinni.
- 2.205. **Skúmsstaðavatn**, V.-Landeyjahr., Rang. (1) Skúmsstaðavatn ásamt votlendi ofan Rangársands milli Grímsstaða og Klaufar, svo og Kuggavatn. (2) Gróðurmikið stöðuvatn, tjarnir og stararflóð, mikið fuglalíf.
- 2.206. **Safamýri**, Ásahr., Djúpárhr., Rang. (1) Votlendi sunnan Flóðkeldu og Mýrarskurðar að Kálfalæk, ásamt Frakkavatni og Kringlutjörn. Að sunnan liggja mörk um Þrikeldur og Hesthólma. (2) Gróðurmikil vötn og mýrlendi, mikilvægur viðkomustaður farfugla.
- 2.207. **Sauðholtsnes**, Ásahr., Rang. (1) Svæðið afmarkast af Þjórsá að vestan, Steinslæk að austan og Miðás og Kálfalæk að norðan. (2) Víðáttumiklar og lífríkar mýrar, mikið og fjölbreytt fuglalíf.
- 2.208. **Veiðivötn**, Rang. (1) Veiðivötn og umhverfi þeirra, Að norðvestan liggja mörk um Vatnaöldur, norður fyrir Hraunvötn og síðan til austurs um Hraunskarð sunnan Svartakambs í Jökulvatn. Tungná ræður mörkum að suðaustan og vestan. (2) Fagurt og sérkennilegt landslag með fjölskrúðugu lífríki í nálægt 600 m y. s. Vinsælt útivistarsvæði.
- 2.209. **Fossar í Fossá**, Gnúpverjahr., Árn. (1) Hjálparfoss, Háifoss og Granni í Þjórsárdal, ásamt nánasta umhverfi þeirra. (2) Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði, Háifoss er talinn næsthæsti foss landsins.
- 2.210. **Gjáin í Þjórsárdal**, Gnúpverjahr., Árn. (1) Gjáin öll ásamt Gjáfossi í Rauða. (2) Sérstætt gljúfur, snotur foss og athyglisverðar bergmyndanir.
- 2.211. **Kerlingarfjöll**, Árn. (1) Fjallaklasi milli Kerlingaröldu og Rauðkolla að sunnan og Skeljafells, Ásgarðsfjalls og Þverfells að norðan. Að vestan liggja mörk um bringur, en Kisubotna og Mosdal að austan. (2) Stórbrotið og litríkt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt útivistarsvæði.
- 2.212. **Þjófadalur og Jökulkrókur**, Árn. (1) Þjófadalur, ásamt landi vestur að Langjökli. Að norðan liggja mörkin um Rauðakoll og Þröskuld, jaðar Kjalhrauns að austan og Innra- og Fremra- Sandfell að sunnan. (2) Stórskorið og sérkennilegt landslag í nánd við jökul, grösug dalverpi í yfir 600 m y. s.
- 2.213. **Hvítárvatn og Hvítárnes**, Árn. (1) Vatnið ásamt Fróðárdal, Hvítárnesi og Tjarnheiði, vestan Kjalvegur hins forna. (2) Norðurmörk liggja um Sólkötlu, Innri-Fróðárdal, um Baldheiði og með austurhlíðum Hrefnubúða að Fúlukvísl. (2) Víðáttumikið gróið votlendi á upptakasvæði Hvítár.
- 2.214. **Austurbakki Hvítárgljúfurs**, Hrunamannahr., Árn. (1) Bakkin, ásamt um 1 km breiðri spildu austan hans, frá Þorsteinshöfða að Háöldu við Tungufell. (2) Fjölbreytt landslag, skóglendi í umsjá Landgræðslu ríkisins.
- 2.215. **Brúarhlöð**, Hrunamannahr., Biskupstungnahr., Árn. (1) Árgljúfur Hvítár frá Brúarhlöðum upp að Ármótum (Hvítá — Fossá), ásamt 200 m belti beggja vegna árinna. (2) Tilkomumikið gljúfur með kjarri- og skógvöxnum bökkum.

- 2.216. **Pollengi**, Biskupstungnahr., Árn. (1) Votlendi milli Hvítár og Tungufljóts frá ármótum allt norður og austur undir Krók, Galtalæk og Ásakot ásamt Tunguey. (2) Margbreytilegt votlendi með fjölbreyttu gróðurfari og miklu fuglalífi.
- 2.217. **Höfðaflatir**, Skeiðahr., Hrunamannahr., Árn. (1) Votlendisræma milli Hvítár og Vörðufells norður á móts við Iðu og suður að Fjalli. (2) Fjölbreytt gróðurfur, allmikið fuglalíf.
- 2.218. **Brúará** og **Brúarárskörð**, Laugardalshr., Biskupstungnahr., Árn. (1) Brúará frá upptökum í Brúarskörðum og niður fyrir Brúarfoss. (2) Sérstæð á með óvenjulegum fossi, fjölskrúðugur gróður, tilkomumikið landslag.
- 2.219. **Laugarvatn**, Laugardalshr., Árn. (1) Vatnið ásamt mýrlendi við Djúpárós og fenjasvæði norðaustanvert við það. (2) Stöðuvatn og votlendi umhverfis það, að einhverju leyti undir áhrifum frá jarðhita. Gróskumikill gróður, fundarstaður sjaldgæfra jurta.
- 2.220. **Tintron**, Laugardalshr., Árn. (1) Tintron í Reyðarbarmshrauni sunnan við Stóru-Dímon. (2) Sérstæður hraunketill, um 20 m djúpur.
- 2.221. **Kerið**, Grímsneshr., Árn. (1) Gígurinn og umhverfi hans. (2) Formfagur sprengigígur í gjallgígabyrpingu í Þjóðbraut.
- 2.222. **Neðra-Sog**, Grafningshr., Grímsneshr., Hraungerðishr., Árn. (1) Neðra-Sog frá ármótum Hvítár ásamt Álftavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins ásamt Prastaskógi og eignarhluta Alviðrustofnunar í Öndverðarnesi I að austan. Að vestan ráða vatnaskil. (2) Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjöríð útivistarsvæði.
- 2.223. **Varmá**, Ölfushr., Árn. (1) Varmá frá upptökum að Ölfusforum. (2) Óvenjulegt straumvatn, mikið vísindalegt gildi.
- 2.224. **Hraunbollar**, Selfossi, Árn. (1) Bollar í Þjórsárhrauni við eystri sporð Ölfusárbrúar. (2) Sérkennilegir bollar í hrauni frá nútíma.
- 2.225. **Bæjarvatn**, Gaulverjabæjarhr., Árn. (1) Vatn í landi Gaulverjabæjar í Flóa. (2) Grunnt stöðuvatn, sérstæður gróður.
- 2.226. **Hafnarnes við Þorlákshöfn**, Ölfushr., Árn. (1) Svæðið sunnan byggðar í Þorlákshöfn vestur að Flesjum. (2) Útivistarsvæði í grennd við þéttbýli.
- 2.227. **Fjörumörk við Hjalla**, Ölfushr., Árn. (1) Malarkambur suðvestur af Hjalla í Ölfusi. (2) Minjar um sjávarstöðubreytingar í lok ísaldar, hnullungafjara í um 55 m y. s.
- 2.228. **Raufarhólshellir**, Ölfushr., Árn. (1) Raufarhólshellir í Leitahrauni á Helliheiði. (2) Alllangur og merkur hellir í hrauni frá nútíma.
- 2.229. **Eldborg undir Meitlum**, Ölfushr., Árn. (1) Gígurinn og næsta nágrenni hans. (2) Stór gjallgígur í Kristnitökuhrauni.
- 2.230. **Eldborgir við Lambafell**, Ölfushr., Árn. (1) Eldvörpin, hrauntraðirnar frá þeim og næsta nágrenni. (2) Formfagrar eldstöðvar frá nútíma.

Með auglýsingu þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi auglýsing um náttúruminjaskrá nr. 58, 27. febrúar 1982.

Menntamálaráðuneytið, 2. júlí 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Runólfur Þórarinsson.

